

Loftslagsstefna Dalvíkurbyggðar

Fyrsti fundur vinnuhóps um gerð loftslagsstefnu, haldinn 15. Júlí 2021 í ráðhúsinu á Dalvík

Mættar til fundar: Lilja Bjarnadóttir kjörinn fulltrúi, Anna Guðrún Óskarsdóttir starfsmaður Dalvíkurbyggðar, Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri og Helga Íris Ingólfssdóttir skipulags- og tæknifulltrúi sem ritaði fundargerð.

Fyrsti fundur vinnuhóps um gerð loftslagsstefnu fyrir Dalvíkurbyggð hófst á því að Helga upplýsti vinnuhópin um að hún hefði sótt um að Dalvíkurbyggð fengi að taka þátt í rýnihópi sem Samband íslenskra sveitarfélaga kom á til þess að rýna verkfærakistu Sambandsins sem á að hjálpa sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu. Áður hafði hún áframsent póst frá sambandinu á meðlimi vinnuhópsins þar sem þessi vinna var kynnt.

Það sem felst í því að vera hluti af þessum rýnihópi er að Dalvíkurbyggð gefst kostur á að taka þátt í að móta að einhverju leiti verkfærakistuna og að sjálfsögðu forskot í að móta sér loftslagsstefnu sem byggir á þessum samræmda grunni sambandsins. Dalvíkurbyggð þarf að skila inn rýniblaði til sambandsins fyrir 24. ágúst þar sem athugasemdir og ábendingar frá sveitarfélaginu varðandi uppsetningu, innihald eða framsetningu verkfærakistunnar verða listaðar upp.

Helga sat á dögnum kynningarfund fyrir þennan hóp 9 sveitarfélaga sem taka þátt í rýninni þar sem farið var yfir og kynnt til sögunnar þau gögn og aðferðir sem notast er við í þessari verkfærakistu sambandsins.

Um er að ræða tvær heimasíður, eina almenna þar sem farið er yfir gerð, mótun og viðhald loftslagsstefnu fyrir sveitarfélög og svo önnur síða sem er læst og með aðgang fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Inn á þessari læstu síðu, þar sem viðkomandi starfsmaður þarf að skrá sig inn á rafrænum skilríkjum, er búið að koma upp tiltölulega einföldu formi fyrir sveitarfélögin til þess að fylla út í og svo reiknar kerfið út heildarlosun af starfsemi sveitarfélagsins miðað við þær upplýsingar sem þar eru slegnar inn.

Helga fór í gegnum innihald þessara heimasíðna með vinnuhópnum og loggaði sig inn á læstu síðu Dalvíkurbyggðar. Á síðunni er hægt að færa inn gögn fyrir þrjú ár eins og er, 2019, 2020 og 2021. Inn á síðunni þarf að stofna allar rekstrareiningar sveitarfélagsins, skrá niður stærð þeirra og hversu margir starfsmenn eru þeim. Helga var aðeins byrjuð á þeirri vinnu. Í kjölfarið þarf að finna upplýsingar um orkunotkun (kolefnislosun) allra starfsstöðva og skrá niður á hvert ár fyrir sig. Það er hægt með því að sækja upplýsingar í bókhaldskerfið.

Meðlimum starfshópsins og sveitarstjóra leist vel á síðuna og hversu einföld hún er í raun, þó auðvitað sé töluverð vinna fram undan við að finna og slá inn allar upplýsingar. Ákveðið var að Helga myndi byrja á að finna upplýsingar fyrir árin 2019 og 2020 og fylla inn í form síðunnar.

Umræða var um hversu gott það er að hafa aðgang að þessari einföldu síðu sem gefur möguleika á að hver stofnun/starfsstöð sveitarfélagsins sjái í framtíðinni um að skrá inn upplýsingar um sína losun og þannig stuðlað að meiri tengingu starfsmanna við verkefnið. Einnig er gott að hafa svona samræmdan vettvang fyrir sveitarfélög þar sem verið er að notast við sömu aðferð við að reikna út losunina og þannig hægt að bera saman eða taka saman heildartölur.

Þegar búið er að komast að heildarlosun frá starfsemi Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2019 má nýta það sem viðmiðunar ár og setja svo fram skýr og mælanleg markmið um minni losun til einhverra ára. Það er hlutverk vinnuhópsins þegar allar upplýsingar og tölur liggja fyrir.

Í lokin voru umræður um leiðir til þess að vekja athygli á þessari stefnu meðal íbúa og starfsmanna þegar hún verður tilbúin. Til þess að fá fólk til að taka þátt og fylgjast með. Tillaga kom fram um að loftslagsstefnan og tilgangur hennar yrði til kynningar á næsta starfsdegi Dalvíkurbyggðar.

Ákveðið var að næsti fundur vinnuhópsins yrði haldinn eftir miðjan ágúst, áður en skila á inn rýniblaðinu.